

LEIÐBEININGAR

um notkun og útfyllingu einfaldaðrar tollskýrslu E-1.3 vegna vara sem njóta sérstakra tollfríðinda við innflutning

Nota má eyðublað E-1.3 til einfaldaðrar tollskýrslugerðar vegna tollmeðferðar á vörum sem fluttar eru til landsins á farmskrá og undanþegnar eru öllum opinberum gjöldum við innflutning og fjallað er um í 47. gr. reglugerðar nr. [1100/2006](#) um vörslu og tollmeðferð vöru, sbr. 4., 6. og 7. gr. tollalaga nr. [88/2005](#).

Heimild þessi er þó bundin við þær tollfríðindavörur sem gerð er grein fyrir í fylgiskjali I með þessum leiðbeiningum og tollflokka ber eins og þar er lýst. Um nánari skilyrði og fyrirmæli um undanþágu frá greiðslu aðflutningsgjalda af nefndum vörum vísat m.a. til reglugerðar nr. [630/2008](#), um ýmis tollfríðindi, sbr. reglugerð nr. [634/2008](#) um breytingu á henni.

Ef í sömu vörusendingu eru vörur sem flokkast geta undir tvö eða fleiri tollnúmer í fylgiskjali I skal tilgreina öll tollnúmerin.

Ef í sömu vörusendingu eru tollskyldar vörur (t.d. áfengi) eða vörur sem um gilda innflutningstakmarkanir eða eru skráningarskyldar skal fylla tollskýrslu út með venjulegum hætti á eyðublaði E-1.3. Skal þar jafnframt gerð grein fyrir þeim vörum sem njóta tollfríðinda samkvæmt framansögðu með því að tilgreina sérstakt tollnúmer sem nota á fyrir slíkar vörur og er að finna í fylgiskjali I.

Heimilt er þó að nota eyðublað E-1.3 til einfaldari tollskýrslugeðar fyrir tollfrjálsar búslóðir þótt í þeim sé sjónvarpstæki, símtæki, skotvopn o.þ.h., enda liggja þá fyrir leyfi viðkomandi stofnunar.

Þeim, sem leyfi hafa til SMT- eða VEF-tollafgreiðslu, er heimilt að senda upplýsingar úr einfölduðum tollskýrslum með rafrænum hætti.

Við tollafgreiðslu skulu liggja fyrir, auk tollskýrslu, farmbréf og önnur skjöl eða gögn sem um ræðir í fylgiskjali I varðandi einstök tollnúmer eða kveðið er á um í lögum eða reglum settum samkvæmt þeim.

Þegar einfaldaðri tollskýrslu er skilað á eyðublaði E-1.3 skal eingöngu fylla út eftirfarandi reiti skýrslunnar og veita þær lágmarksupplýsingar sem þar eru tilgreindar:

Útfylling reita eyðublaðs E-1.3

Skylt er að fylla út neðangreinda reiti einfaldaðrar tollskýrslu E-1.3:

REITUR 1 – SKÝRSLA

Þegar notuð er einfölduð tollskýrsla við tollafgreiðslu skal eingöngu færið inn í annan hluta reitsins afgreiðslumáta sendingar samkvæmt eftirfarandi lykli:

Lykill	Tollafgreiðslumáti
ET	SMT- eða VEF-tollafgreiðsla.

AL	Innflutningur sem ekki er gerð grein fyrir með SMT- eða VEF-tollskýrslu en innflytjandi kýs að leggja fram tollskýrslu á pappír.
AL	Endurinnflutningur (tollnúmer 9803.2000).
ET	Vara sem kemur til landsins í umflutningi (tollnúmer 9815.0000).
HS	Hraðsendingar í flugi.

*Gerð svæðis: (a2)
SAD (1)*

REITUR 2 – ÁRITUN PRÓKÚRUHAFNA (ábyrgðaryfirlýsing)

Skýrslan skal undirrituð af innflytjanda eða þeim sem kemur fram fyrir hönd innflytjanda (prókúruhafa, starfsmanni, miðlara eða öðrum sem hefur sérstaka heimild til að gefa skýrslu fyrir hönd innflytjanda og skilað hefur inn til tollstjóra umboði á sérstöku eyðublaði, E-23).

Sá sem sendir SMT- eða VEF-tollskýrslu eða skrifar undir tollskýrslu ábyrgist að upplýsingar sem gefnar eru í skýrslunni séu réttar með tilliti til vörusendingarinnar og þeirra skjala eða gagna sem lögð eru fram eða aðgangur er veittur að og gætt hafi verið fyrir mæla laga og annarra reglna sem gilda um innflutninginn. Skrá skal kennitölu þess sem undirritar skýrslu fyrir neðan undirskrift. Umbjóðendur geta skapað sér hlutlæga ábyrgð vegna undirritunar annarra fyrir þeirra hönd.

SAD (54)

REITUR 3 – DAGSETNING SKÝRSLU

Færið hér inn dag, mánuð og ár.

SAD (54)

REITUR 5 – VY-LYKILL (VIÐSKIPTAVERÐ)

Færið inn eftirfarandi lykil fyrir viðkomandi verðákvörðunarreglu:

Lykill	Verðákvörðunarregla
7	Án tollverðmætis vegna tollfrelsis.

REITUR 6 – INNFLYTJANDI (ef umboðsaðili er skráður í reit 10)

Færið hér inn nafn innflytjanda ef umboðsaðili kemur fram fyrir hönd hans gagnvart tollstjóra vegna tollafgreiðslu á vöru.

Ef innflytjandi sér sjálfur um skýrslugerðina skal þessi reitur ekki fylltur út en viðeigandi upplýsingar færðar í reit 10.

SAD (8)

REITUR 7 – KENNITALA

Ávallt skal færa hér inn kennitölu þá sem Hagstofa Íslands hefur gefið innflytjanda, sbr. reit 10, einnig þegar umboðsaðili sér um tollskýrslugerðina, s.s. tollmiðlari. Hafi innflytjanda ekki verið úthlutað kennitölu af Hagstofunni skal færa hér inn **000000-0000**.

*Gerð svæðis: (a10)
SAD (8)*

REITUR 8 – VIÐSKIPTALAND

Færið hér inn lykil hlutaðeigandi sendingarlands í samræmi við yfirlit um lykla sem nota ber við tollskýrslugerð, sbr. [Tollskrárlykla](#).

*Gerð svæðis: (a2)
SAD (11)*

REITUR 9 – SENDINGARNÚMER

Færið hér inn sendingarnúmer sem farmflytjandi eða póstrekkandi gefur sendingu og fram kemur á flutningsgjaldsreikningi eða tilkynningu farmflytjanda eða póstrekkanda, sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 11/2006 um vörslu og tollmeðferð vöru.

*Gerð svæðis:
Sendingarnúmer (a18)
SAD (18)*

REITUR 10 – INNFLYTJANDI EÐA UMBOÐSMAÐUR

Ef innflytjandi sér um skýrslugerðina skal hann færa hér inn fullt nafn, símanúmer, heimilisfang og póstnúmer. Sjái umboðsaðili hins vegar um skýrslugerðina og komi fram fyrir hönd innflytjanda skal umboðsaðili færa hér inn fullt nafn sitt, kennitölu, heimilisfang, póstnúmer og símanúmer.

*Gerð svæðis:
Kennitala (a10) og virðisaukaskattsnúmer (a5)
SAD (14)*

REITUR 11 – FARMSKRÁRNÚMER/VIÐTÖKUNÚMER

Færið inn í fremri hluta reitsins farmskrárnúmer sem farmflytjandi hefur gefið viðkomandi sendingu á farmbréfi eða flugfylgibréfi (í flugi flugfarmbréfsnúmer (AWB-number)).

Ef um póstsendingu er að ræða skal skrá á aðflutningskýrslu sjö öftustu stafina í komunúmeri sem kemur fram í komutilkynningu pósthúss.

*Gerð svæðis:
Skipaflutningar (a4), flugfrakt (a11) og póstsendingar (a7)
SAD (21)*

REITUR 12 – ÞYNGD BRÚTTÓ (kg)

Færið inn í heilum kílógrömmum brúttóþyngd varanna. Brúttóþyngd í þessu sambandi er heildarþyngd varanna með öllum umbúðum sínum að frátöldum gámum og öðrum flutningsbúnaði.

Gerð svæðis: (n..9)

REITUR 13 – VÖRUGEYMSLA

Hér skal tilgreina nákvæmlega hvar varan er geymd til þess að ganga megi að henni og skoða vegna tolleftrilits.

Ef um póstsendingu er að ræða skal skrá hér P og svo lykil fars í komunúmeri, sem um leið táknar tollafgreiðslupósthús.

*Gerð svæðis: (a..10)
SAD (30)*

REITUR 14 – SKÍRTEINI, LEYFI OG VOTTORÐ (teg. og nr.)

Í þennan reit skal færa inn upplýsingar um fylgiskjöl með skýrslunni, t.d. leyfi Fjarskiptastofnunar ef í búslóð er símtæki sem er ekki CE merkt.

Upplýsingar um leyfi, vottorð og undanþáguheimildir vegna innflutningstakmarkana skal gefa til kynna með því að færa hér inn viðkomandi [tollskrárlykil](#). Sé skýrsla gerð í umboði innflytjanda skal einnig tilgreina umboð sem fylgja þarf á sérstöku eyðublaði, E-23.

*Gerð svæðis:
Lykill (a3)
Tilvísun með lykli (a..7)
SAD (44)*

REITUR 17 – MYNT

Færið hér inn myntlykilinn **ISK**.

*Gerð svæðis: (a3)
SAD (22)*

REITUR 19 – AFHENDINGARSKILMÁLAR

Færið inn í fremri hluta reitsins eftirfarandi lykil:

Lykill

FOC Vara send án kröfu um greiðslu.

Í aftari hluta reitsins skal ávallt tilgreina afhendingarstað vöru (t.d. Reykjavík).

*Gerð svæðis:
Lykill afhendingarskilmála (a3)
Viðmiðunarstaður (a..15)
SAD (20)*

REITUR 22 – FOB-VERÐ Í ERLENDRI MYNT

Í þennan reit skal ávallt skrá **0**.

*Gerð svæðis: (n..11,2)
SAD (46)*

REITUR 24 – FLUTNINGSGJALD

Í fremri hluta reitsins skal skrá lykilinn **ISK**. Ekki þarf að fylla út síðari hluta reitsins.

*Gerð svæðis:
Mynt (a3) og fjárhæð (n..11,2)
SAD (28)*

DÁLKUR 28 – TOLLSKRÁRNÚMER

Þegar óskað er eftir tollafgreiðslu með einfaldaðri tollskýrslu á eyðblaði E-1.3 skal tilgreina hér sérstakt tollnúmer, **ÁTTA TÖLUSTAFA**, sem varan eða vörusendingin skal flokkuð undir samkvæmt fylgiskjali I við þessar leiðbeiningar.

Með því að flokka vöru undir eitthvert þeirra tollnúmera, sem talin eru upp í fylgiskjali I, er innflytjandi að óska eftir undanþágu frá greiðslu aðflutningsgjalda af vörunni og lýsa því yfir að uppfyllt séu ákvæði laga og reglna sem gilda um undanþágu frá greiðslu aðflutningsgjalda samkvæmt þeim heimildum sem texti tollnúmersins vísar til svo og þeim reglum og öðrum fyrirmælum sem um þær lagaheimildir gilda. Jafnframt er innflytjandi að lýsa því yfir að hann skuldbindi sig til að hlíta öllum þeim fyrirmælum, skilyrðum og takmörkunum um undanþágu gjaldanna og ráðstöfun vörunnar sem lög og önnur fyrirmæli kveða á um.

*Gerð svæðis: (a8)
SAD (33)*

DÁLKUR 29 – VÖRUTEGUND

Færið hér inn vörulýsingu sem tekur til eins tollnúmers, sem varan fellur undir samkvæmt lýsingu tollnúmera í fylgiskjali I, svo skýrt fram setta að vöruna megi þekkja og flokka.

Ef um endursendar tómar umbúðir (t.d. gáma) er að ræða skal færa hér inn upphaflegt sendingarnúmer sem tilgreint var í útflutningstollskýrslu við tollafgreiðslu þeirra (tollnúmer 9803.1000).

Ef um innflutning á skráningarskyldu ökutæki er að ræða sem flutt var tímabundið úr landi skal færa hér inn orðið „Ökutæki“ og skráningarnúmer ökutækisins (tollnúmer 9803.4000).

Ef um er að ræða tollafgreidda vöru í innflutningi sem sett hefur verið á farmskrá („Memo-farmskrá“) en verður eftir og kemur með öðru flutningsfari í nýju farmskárnumeri (tollnúmer 9808.0000) skal færa hér inn upphaflegt sendingarnúmer.

Ef um tollafgreiddar vörur er að ræða sem voru ranglega lestaðar og fluttar úr landi (tollnúmer 9808.0000) skal færa hér inn upphaflegt sendingarnúmer.

Ef um umflutningsvöru (tollnúmer 9815.0000) er að ræða skal tilgreina hér orðið „Umflutningsvara“ og sendingarnúmer vörusendingar í innflutningsfar.

Gerð svæðis: (a..30)

SAD (31)

DÁLKUR 31 – NETTÓVIGT

Færið hér inn nettóvignt í heilum kílógrömmum. Liggi upplýsingar um nettóvignt ekki fyrir frá sendanda má áætla hana. Nái þyngd ekki hálfu kílógrammi skal rita **0**.

Gerð svæðis:

Nettóvignt (n..9)

Þyngd umbúða (n..9,2)

Lítratala (n..9,2)

SAD (38)

Fylgiskjal I - Einfölduð tollskýrsla E-1.3

Sérstök tollnúmer fyrir tollfrjálsar sendingar

Þegar óskað er eftir tollafgreiðslu vörusendingar með einfaldaðri tollskýrslu, skal tilgreina í dálki 28 á eyðublaði E-1.3 eitt eða fleiri þeirra tollnúmera sem tilgreind eru hér á eftir, enda svari varan til vörulýsingar viðkomandi tollnúmers og uppfylli að öðru leyti skilmála tilvitnaðra lagákvæða og reglna og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim, sbr. m.a. reglugerð nr. [630/2008](#), um ýmis tollfríðindi og reglugerð nr. [634/2008](#) um breytingu á henni.

Tollfrjálssar sendingar samkvæmt sérstökum undanþáguákvæðum

		A	A1	E
		%	kr/kg	%
9802	Búslóð og farangur:			
9802.1000	– Búslóð manna sem flytjast búferlum hingað til lands, enda hafi viðkomandi haft fasta búsetu erlendis í a.m.k. eitt ár áður en hann fluttist til landsins, sbr. 4. tl. 1. mgr. 6. gr. tollalaga og 14. til 16. gr. reglugerðar nr. 630/2008 .			
	<i>Takmörkun:</i> Vélknúin ökutæki, svo sem bifreiðar, bifhjól, beltabifhjól, vélbátar, flugvélar og farartæki eins og seglbátar, svifflugur, svifdrekar o.þ.h. teljast ekki til búslóðar (sjá tollnúmer 9803.4000)			0
	<i>Staðfestingargögn:</i> Auk farmbréfs/flutningsgjaldsreiknings skal fylgja yfirlýsing vegna innflutnings á búslóð og vörureikningur/ar yfir heimilismuni sem viðkomandi hefur átt í skemmri tíma en eitt ár.			
9802.2000	– Venjulegur farangur ferðamanna sem orðið hefur viðskila við ferðamann svo og fatnaður og aðrar ferðanauðsynjar manna sem látist hafa erlendis, sbr. a-lið 2. tl. og 3. tl. 1. mgr. 6. gr. tollalaga og d-lið 47. gr. reglugerðar nr. 1100/2006			0
	<i>Staðfestingargögn:</i> Farangursyfirlýsing skal fylgja.			
9803	Endursendar umbúðir og vörur:			
9803.1000	– Endursendar tómar umbúðir (gámar o.þ.h.), enda séu færðar fullnægjandi sönnur fyrir því að um sé að ræða umbúðir utan af vörum útfluttum héðan, sbr. 7. tl. 1. mgr. 6. gr. tollalaga og 1. tl. 10. gr. og 54. gr. reglugerðar nr. 630/2008			0
9803.2000	– Vörur sem endursendar eru hingað frá útlöndum vegna þess að þær seldust ekki þar eða endursendar eru hingað frá útlöndum af öðrum orsökum og færðar séu fullnægjandi sönnur fyrir því að um sé að ræða vörur útfluttar héðan, sbr. 6. tl. 1. mgr. 6. gr. tollalaga og 54. gr. reglugerðar nr. 630/2008			0
	<i>Staðfesting:</i> Tilgreina skal í dálki 29 í tollskýrslu sendingarnúmer sem tilgreint var í útflutningstollskýrslu við útflutning þeirra.			
9803.3000	– Endursendar vörur sem voru ranglega lestaðar og fluttar til landsins, sbr. 6. tl. 1. mgr. 6. gr. tollalaga og 54. gr. reglugerðar nr. 630/2008			0
	<i>Staðfesting:</i> Tilgreina skal í dálki 29 í tollskýrslu sendingarnúmer sem tilgreint verður í útflutningstollskýrslu við útflutning þeirra.			
9803.4000	– Bifreiðar á íslenskum skrásetningarnúmerum sem viðkomandi hefur tekið með sér úr landi og er að flytja			

	afur til landsins, sbr. 6. tl. 6. gr. tollalaga og 54. gr. reglugerðar nr. 630/2008	0
	Staðfesting: Færa skal í dálk 29 orðið „Ökutæki“ og skráningarnúmer ökutækisins.	
	<i>Skilyrði:</i> Við tollafgreiðslu skal liggja fyrir skráningar-skírteini ökutækis.	
9804	Gjafir:	
9804.1000	– Gjafir sem aðilar búsettir erlendis senda hingað til lands eða hafa með sér frá útlöndum af sérstöku tilefni, þó ekki í atvinnuskyni, enda sé verðmæti gjafarinnar ekki meira en 10.000 kr., sbr. 32. gr. reglugerðar nr. 630/2008	0
	<i>Staðfestingargögn:</i> Vörureikningur eða önnur gögn liggja fyrir til staðfestingar að um gjöf sé að ræða og að verðmæti hennar sé 10.000 kr. eða minna.	
9804.2000	– Brúðkaupsgjafir, enda sé um eðlilega og hæfilega gjöf að ræða að mati tollstjóra, sbr. og 32. gr. reglugerðar nr. 630/2008	0
	<i>Staðfestingargögn</i> er sýni fram á að um brúðargjöf sé að ræða.	
9804.3000	– Gjafir til mannúðar- og líknarstarfsemi, enda sé um að ræða vöru sem nýtt er beint til viðkomandi starfsemi, svo og gjafir sem sendar eru hingað frá útlöndum og góðgerðarstofnanir eða aðrir slíkir aðilar eiga að annast dreifingu á til bágstaddra, sbr. b-lið 8. tl. 1. mbr. 6. gr. tollalaga og 33. gr. reglugerðar nr. 630/2008	0
	<i>Staðfestingargögn:</i> Gjafabréf og staðfesting gjafþega um að hann veiti gjöfinni viðtöku.	
9804.4000	– Gjafir sem ríki, sveitarfélögum eða stofnunum á vegum hins opinbera eru gefnar erlendis frá í vináttuskyni eða á grundvelli menningartengsla við erlend ríki, sbr. c-lið 8. tl. 1. mgr. 6. gr. tollalaga og 34. gr. reglugerðar nr. 630/2008	0
	<i>Staðfestingargögn:</i> Gjafabréf og staðfesting gjafþega um að hann veiti gjöfinni viðtöku.	
9805	9805.0000 Notaðir munir sem hafa fallið í arf erlendis, þó ekki ökutæki eða önnur vélknúin farartæki, sbr. 10. tl. 1. mgr. 6. gr. tollalaga og 36. gr. reglugerðar nr. 630/2008	0
	<i>Skilyrði:</i> Arfþegi geti sýnt með fullnægjandi hætti fram á að honum hafi tæmst arfur erlendis, t.d. með framlagningu vottorðs skiptaráðanda.	
9806	Vörur vegna markaðssetningar og vörubrúnar:	
9806.1000	– Sýnishorn verslunarvara og auglýsingaefnis, enda sé verðmæti sendingar óverulegt, svo og sýnishorn verslunarvara sem gerð hafa verið ónothæf sem almenn	

		verslunarvara, sbr. a-lið 11. tl. 1. mgr. 6. gr. tollalaga nr. 88/2005 og 41. gr. reglugerðar nr. 630/2008	0
9806.2000	–	Hugbúnaðargögn sem send eru án endurgjalds og ætluð eru til þróunar eða hönnunar hugbúnaðar, prófunar, leiðréttingar eða uppfærslu eða eru eingöngu nothæf til kynningar, sbr. b-lið 11. tl. 1. mgr. 6. gr. tollalaga og 41. gr. reglugerðar nr. 630/2008	0
9806.3000	–	Verðlaus bréf, bæklingar og prentuð gögn sem ekki hafa neitt viðskiptalegt gildi og ekki eru fallin til endurdreifingar, sbr. c-lið 11. tl. 1. mgr. 6. gr. tollalaga og 41. gr. reglugerðar nr. 630/2008	0
9807	9807.0000	Heiðursmerki veitt af erlendum ríkjum, svo og verðlaun fyrir íþróttafrek og önnur afrek sem unnin eru erlendis, sbr. 5. tl. 1. mgr. 6. gr. tollalaga og 38. gr. reglugerðar nr. 630/2008	0
9808	9808.0000	Vörur á farmskrá sem koma ekki með flutningsfari en aðflutningsgjöld hafa verið greidd af	0
		<i>Skilyrði:</i> Fyrir liggja afhendingarheimild tollstjóra á vörusendingu sem ekki barst til landsins en tollafgreidd var samkvæmt tilteknum sendingarnúmeri. Færa skal þetta sendingarnúmer í dálk 29.	
9809	9809.0000	Vörur til sendiráða, sendiræðismannsskrifstofa, sendierindreka og sendiræðismanna erlendra ríkja eins og kveðið er á um í Vínarsamningnum um stjórnámbandsamband, sbr. 1. tl. 1. mgr. 4. gr. tollalaga nr. 88/2005 og lög nr. 16/1971, um aðild Íslands að alþjóðasamningi um stjórnámbandsamband og 40. gr. reglugerðar nr. 630/2008	0
		<i>Skilyrði:</i> Ef um almenna verslunarvöru er að ræða þarf að liggja fyrir staðfesting sendiráðs eða sendiræðismannsskrifstofu á að varan sé ætluð viðkomandi sendiráði, sendiræðismannsskrifstofu, sendierindreka eða sendiræðismanni. Ef í sendingu er áfengi eða tóbak skal liggja fyrir staðfesting utanríkisráðuneytisins.	
9810	9810.0000	Vörur til kjöræðismanna erlendra ríkja að því er varðar tilteknar skrifstofuvörur eins og kveðið er á um í Vínarsamningi um ræðissamband, sbr. 2. tl. 4. gr. tollalaga nr. 88/2005 og lög nr. 4/1978, um aðild Íslands að alþjóðasamningi um ræðissamband og 30. gr. reglugerðar nr. 630/2008	0
9811	9811.0000	Póstpokar o.þ.h. með póstsendingum í, sem aðilar með leyfi til póstflutninga samkvæmt lögum nr. 19/2002 um póstpjónustu fá sendar	0
9814	9814.0000	Kistur og duftker með jarðneskum leifum manna sem látist hafa erlendis	0
9815	9815.0000	Vörur sem koma til landsins í umflutningi, sbr. c. lið. 1. tölul. 6. gr. tollalaga nr. 88/2005 og VI. kafla reglugerðar nr. 1100/2006 um vörslu og tollmeðferð vöru	0
		<i>Staðfesting:</i> Tilgreina skal í dálki 29 í tollskýrslu sendingarnúmer sem tilgreint er í farmskrá útflutningsfarsins.	